

---

**Sérstakir skilmálar fyrir eftirlifendalífeyrispáttinn:**  
**Höfuðstóll við fráfall af slysförum E 3**

---

Ágæti viðskiptavinur.

Eftifarandi skilmálar skýra reglurnar sem gilda um ofangreindan tryggingarpátt.

Ef ekki er kveðið á um annað í þessum skilmálum gilda Almennu tryggingarskilmálarnir fyrir grunnþáttinn eftir því sem við á.

Með kveðju

Allianz Ísland hf.

**Efnisyfirlit:**

---

- |      |   |
|------|---|
| A    | Sérstakir skilmálar   |
| § 1  | Hvað er tryggt?   |
| § 2  | Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeildina?   |
| § 3  | Hvað er slys í skilningi þessara skilmála?  |
| § 4  | Í hvaða tilvikum er tryggingarvernd útíluð?   |
| § 5  | Hvaða máli skipta veikindi og heilsubrestir hins tryggða?   |
| § 6  | Hvers ber að gæta til að komast hjá lagalegum ókostum eftir fráfall hins tryggða af slysförum?              |
| § 7  | Hvenær gefum við yfirlýsingum um greiðsluskyldu okkar?  |
| § 8  | Hvernig er sambandið við grunnþáttinn?  |
| § 9  | Hvað gildir ef trygging verður iðgjaldsfrí?   |
| § 10 | Hvað gildir við uppsögn?  |
| B    | Breytingar á Sérstökum skilmálum fyrir eftirlifendalífeyrispáttinn:<br>Höfuðstóll við fráfall af slysförum. |

- á tryggingartíma þáttarins höfuðstóls við fráfall af slysförum  
- innan eins árs eftir slysið.

(2) Ef þú hefur samið um félagatryggingu greiðum við umsaminn tryggðan höfuðstól við fráfall af slysförum fyrir hvern þann tryggða sem hefur þáttinn höfuðstól við fráfall af slysförum innifalinn í tryggingu sinni, ef hinir tryggðu falla frá samtímis vegna sama slyss. Það telst einnig vera samtímis ef hinir tryggðu falla frá innan 14 daga vegna afleiðinga slyssins og önnur skilyrði samkvæmt tölulið 1 eru uppfyllt.

**§ 2 Hvaða viðbótarákvæði gilda um hagnaðarhlutdeildina?**

---

(1) Þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum með stöðugum iðgjaldagreiðslum og eins þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum sem gerður hefur verið iðgjaldsfrí vegna starfsörorku að fullu eða að hluta eiga ekki sérstaka hlutdeild í hagnaðinum.

(2) Þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum með einstöku iðgjaldi og eins þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum með breytilegri iðgjaldsgreiðslu eiga yfirleitt sérstaka hlutdeild í hagnaðinum. Í tryggingarupplýsingunum sérðu hvaða hagnaðarhlutdeildarflokki þáttur þinn tilheyrir. Háð beirri flokkun veitum við þætti þínum hlutdeild í áunnum hagnaði í byrjun tryggingarárs hverju sinni (árleg hagnaðarhlutdeild). Við birtum hagnaðarhlutdeildarprósenturnar í ársskýrslu okkar eða tilkynnum þér um þær um sérstaklega.

**A Sérstakir skilmálar**

---

**§ 1 Hvað er tryggt?**

---

(1) Falli hinn tryggði frá af völdum slyss á tryggingartíma þáttarins höfuðstóls við fráfall af slysförum greiðum við tryggðan höfuðstóll sem ákveðinn var með samningi fyrir þetta tilvik ef eftifarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) slysið varð eftir að þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum tók gildi og
- b) dauðsfallið varð

Auk þess veitum við þættinum höfuðstólvið fráfall af slysfórum hlutdeild í matsvirðisauka. Hann er lagður til trygginganna eftir aðferð sem tekur mið af orsakavöldum. Í hlut þáttarins höfuðstóls við fráfall af slysfórum kemur reyndar enginn eða aðeins lítt matsvirðisauki. Lögjaldshlutarinn sem koma í hlut þáttarins höfuðstóls við fráfall af slysfórum eru reiknaðir þannig að þá þarf að nota til að mæta áhættu og kostnaði. Því eru engar eða aðeins lágar upphæðir til ráðstöfunar til þess að mynda fjárfestingarfjármagn, sem gæti gefið af sér matsvirðisauka.

(3) Stuðlarnir, sem hagnaðarhlutdeildarprósenturnar miðast við, fara einkum eftir aldri hins tryggða, umsömdum og liðnum tryggingartíma og hæð tryggðs höfuðstóls þáttarins höfuðstóls við fráfall af slysfórum. Þær eru reiknaðar út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar.

(4) Hagnaðarhlutar þáttarins höfustóls við fráfall af slysfórum eru ásamt hagnaðarhlutum grunnþáttarins notaðir með þeim hætti sem tilgreindur er í viðeigandi Almennum tryggingarskilmálum.

### **§ 3 Hvað er slys í skilningi þessara skilmála?**

Það telst slys ef hinn tryggði eða í félagatryggingum annar eða báðir hinir tryggðu bíður eða bíða óviljandi heilsutjón vegna skyndilegs atburðar (slystilvik) sem verkar utan frá á líkama hans eða þeirra.

### **§ 4 Í hvaða tilvikum er tryggingarvernd útilokuð?**

(1) Yfirleitt gildir greiðsluskylda okkar óháð því hvernig slysið varð.

(2) Undir tryggingarverndina falla þó ekki:  
a) Slys vegna geð- eða vitundartruflana, einnig ef þær verða vegna ölvunar, svo og vegna slags (heilablóðfalls, hjartaslags), flogaveikikasta eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða.

Við greiðum þó án takmarkana ef þessar truflanir eða köst urðu af völdum slystilviks sem fellur undir þessa tryggingu.

b) Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug eða reynir það.

c) Slys vegna innanlandsófriðar ef hinn tryggði lagði þeim lið sem stofnuðu til ófriðarins.

d) Slys sem verða beint eða óbeint af völdum hernaðar.

Við greiðum þó án takmarkana ef hinn tryggði varð fyrir slysinu meðan hann dvaldist utan Sambandslyðveldisins Þýskalands og tók ekki virkan þátt í hernaðinum.

e) Slys sem hinn tryggði verður fyrir

- sem stjórnandi loftfars (einnig flugíþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars;
- við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars;
- við notkun geimfara.

f) Slys sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarnorku.

g) Slys sem stafa beint eða óbeint af notkun kjarna- sýkla- eða efnavopna af ásettu ráði eða notkun eða losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna af ásettu ráði ef notkunin eða losunin stefnir að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

h) Heilsutjón vegna geislunar.

i) Heilsutjón vegna lækningaráðstafana eða aðgerða eða meðferða í öðrum tilgangi sem hinn tryggði gerir á líkama sínum eða lætur gera.

Við greiðum þó án takmarkana ef aðgerðirnar eða lækningaráðstafanirnar, einnig geislameðferð til greiningar eða meðferðar, eru gerðar vegna slyss sem fellur undir þennan tryggingarþátt.

j) Sýkingar.

Við greiðum þó án takmarkana ef sýklarnir bárust inn í líkamann um sár af völdum slyss sem fellur undir þennan tryggingarþátt.

Sem sár af völdum slyss teljast þá ekki húð- eða slímhúðarsár, sem eru minni háttar og sýklar fóru um inn í líkamann

þegar í stað eða seinna, og sýkingar sem stafa af lækningaráðstöfunum. Þessar takmarkanir gilda ekki um hundaæði og stífkampa.

k) Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna gegnum kokið.  
Við greiðum þó án takmarkana ef um er að ræða afleiðingar slystilviks sem fellur undir þennan tryggingarpátt.

l) Slys vegna sálrænna viðbragða, án tillits til þess hvað veldur þeim.

m) Sjálfsvíg af ásettu ráði og einnig þá ef hinn tryggði framdi verkið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útlokaði frjálsa viljaákvörðun. Tryggingarverndin gildir þó ef þetta ástand kom til vegna slystilviks sem fellur undir þennan tryggingarpátt.

## **§ 5 Hvaða máli skipta veikindi og heilsubrestir hins tryggða?**

Ef veikindi og heilsubrestir hafa auk slyssins átt að minnsta kosti 25 % þátt í að til dauðsfallsins kom skerðist greiðsla okkar í samræmi við hlutfall þess áhrifaþáttar.

## **§ 6 Hvers ber að gæta til að komast hjá lagalegum ókostum eftir fráfall hins tryggða af slysförum?**

(1) Fráfall hins tryggða af slysförum skal tilkynna okkur tafarlaust – helst innan 48 stunda.

(2) Veita skal okkur heimild til þess að láta hugsanlega lækni í umboði okkar framkvæma skoðun eða krufningu.

(3) Ef brotið er gegn tilkynningaskyldu (töluliður 1) af ásettu ráði eða af gáleysi erum við laus undan greiðsluskyldu okkar. Ef komið er fram af vitaverðu gáleysi erum við aðeins að svo miklu leyti skyld til greiðslu sem það framferði hefur ekki áhrif á ákvörðun eða umfang greiðsluskyldu okkar. Ef neitað er um samþykki til skoðunar eða krufningar (töluliður 2) erum við laus undan greiðsluskyldu okkar, nema þá ef sú afstaða hefur ekki áhrif á ákvörðun eða umfang greiðsluskyldu okkar.

## **§ 7 Hvenær gefum við yfirlýsingu um greiðsluskyldu okkar?**

(1) Til þess að ákvarða greiðsluskyldu okkar skal veita okkur nauðsynlegar sannanir um atvik slyssins og afleiðingar slyssins. Auk þess getum við sjálf gert nauðsynlegar kannanir.

(2) Okkur er skylt að lýsa yfir því innan eins mánaðar hvort og í hvaða hæð við viðurkennum kröfu. Fresturinn hefst þegar okkur hafa borist nauðsynlegar sannanir og þegar nauðsynlegum könnunum er lokið.

## **§ 8 Hvernig er sambandið við grunnþáttinn?**

(1) Þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum myndar eina heild ásamt grunnþáttinum; án hans er ekki hægt að halda honum áfram. Þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum fellur niður þegar grunnþáttinum lýkur, í síðasta lagi þegar lífeyrisgreiðsla úr grunnþáttinum hefst.

Iðgjaldsskyldur þáttur höfuðstóll við fráfall af slysförum fellur einnig niður þegar umsömdum iðgjaldsgreiðslutíma lýkur.

Í tryggingum þar sem starfsörorkulífeyrisþættir eru innifaldir helst þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum þó áfram ef grunnþátturinn verður iðgjaldsfrír að fullu eða að hluta vegna starfsörorku hins tryggða.

(2) Ef iðgjaldið fyrir iðgjaldsskyldan grunnþátt er lækkað og greiðsla grunnþáttarins þar með minnkuð, skerðist einnig tryggingarverndin úr þættinum höfuðstól við fráfall af slysförum samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar í þá upphæð sem samsvarar þeim hluta grunnþáttarins sem iðgjald er greitt fyrir áfram.

(3) Ef greiðslan úr grunnþáttinum minnkar vegna þess að trygging verður iðgjaldsfrír eða vegna lækkunar iðgjalds geturðu krafist þess innan 6 mánaða að gegn greiðslu einstakrar upphæðar verði þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysförum endurvakinna þannig eða tryggður höfuðstóll hans aftur hækkaður að fyrra hlutfall greiðslu þáttarins höfuðstóls við fráfall af slysförum við greiðslu úr grunnþáttinum verði endurheimt. Ef þú

óskar þess upplýsum við þig um forsendur og áhrif.

### **§ 9 Hvað gildir ef trygging verður iðgjaldsfrí?**

Þú getur ekki gert þáttinn höfuðstól við fráfall af slysförum iðgjaldsfrían. Ef þú gerir grunnþáttinn iðgjaldsfrían fellur þátturinn höfuðstóll við fráfall af slysforum niður.

### **§ 10 Hvað gildir við uppsögn?**

(1) Þú getur sagt upp þætinum höfuðstól við fráfall af slysforum einum út af fyrir sig. Þá áttu þó hvorki kröfу til endurkaupsvirðis né iðgjaldsfrírrar greiðslu.

(2) Ef þú segir allri tryggingunni upp færðu endurkaupsvirðið – ef það er fyrir hendi.

Endurkaupsvirði tryggingarinnar er samsett úr endurkaupsvirði grunnþáttarins og endurkaupsvirði annarra innifalinna þátta.

(3) Endurkaupsvirði þáttarins höfuðstóls við fráfall af slysforum er bótahöfuðstóll þáttarins höfuðstóls við fráfall af slysforum reiknaður út samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar með reikningsforsendum iðgjaldaútreikningsins. Við tökum þá engan frádrátt.

---

**B Breytingar á Sérstökum skilmálum fyrir eftirlifendalífeyrispáttinn: Höfuðstóll við fráfall af slysförum**

---

**Hvað gildir ef grunnþátturinn er eftirlifendalífeyrispáttur: „Sjóðsbundinn lífeyrir með tryggðri ávöxtun (Zukunftsrente InvestGarantie)“ eða „Sjóðsbundinn lífeyrir án tryggðrar ávöxtunar (Zukunftsrente Invest)?“**

HFS 1

Í stað § 2 töluliðar 4 kemur:

“(4) Með hagnaðarhlutum þáttarins höfuðstóls við fráfall af slysforum kaupum við sjóðshluta samkvæmt skiptingu sem þú velur og leggjum þá í samsvarandi fjárfestingarpakka.”